Byggðaþróunarfulltrúi - drög að atvinnuauglýsingu (27.4.2023)

## Byggðaþróunarfulltrúi

Byggðaþróunarfulltrúi veitir ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnu- og byggðaþróunar, vinnur að upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga og svæðisbundnum verkefnum á sviði byggðaþróunar. Byggðaþróunarfulltrúi sinnir verkefnum að hluta í samráði við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og starfar með samstarfshópi samtakanna og byggðaþróunarfulltrúum á Suðurlandi.

## Hlutverk byggðaþróunarfulltrúa

- Veita ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála með sérstaka áherslu á umsækjendur og styrkþega Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- Aðkoma að fræðslu og þjálfun fyrir frumkvöðla
- Vinna að söfnun og greiningu upplýsinga á sviði atvinnu- og byggðamála
- Vinna að upplýsingamiðlun um stoðkerfi atvinnuþróunar, nýsköpunar, menningar og byggðamála
- Hvetja hagaðila innan svæðis til verkefnaþróunar og þátttöku í samstarfsverkefnum
- Styðja við stefnumörkun svæðis/sveitarfélaga á sviði byggðamála og framfylgir einstökum aðgerðum
- Vinna að og þróa svæðisbundin verkefni að eigin frumkvæði og í samstarfi við hagaðila

## Hæfniskröfur

- Nám sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða ráðgjöf æskileg
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góð tölvufærni og hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Frumkvæði í starfi og samstarfsfús
- Hæfni í að tileinka sér nýja þekkingu og miðla henni áfram
- Þekking á nærsamfélaginu og áhugi til að efla sitt tengslanet

Ráðgjafi hefur búsetu og starfsaðstöðu í ???. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2023 og skal umsóknum með upplýsingum um starfsferil og menntun skilað til XXXX eða senda þær á netfangið XXX merkt: „Byggðaþróunarfulltrúi."

Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir ????, í síma ???.

Nánari upplýsingar um starfsemi SASS er að finna á heimasíðu samtakanna: www.sass.is

**LÓGÓ ??? / SASS**

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA